



SAMEYKI

STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAÞJÓNUSTU

Stofnun ársins 2022



Stofnun ársins 2022

– framkvæmd

Stofnun ársins er nú stærri en nokkru sinni fyrr og með talsvert breyttu sniði frá fyrri árum. Stærsta breytingin er þátttaka Reykjavíkurborgar sem nú tekur þátt fyrir allt starfsfólk.

Niðurstöður verða í þremur flokkum þetta árið. Flokkarnir eru: ríkisstofnanir, starfsstaðir borgarinnar, sjálfseignastofnanir og fyrirtæki í almannþjónustu.


Líkt og á síðasta ári var Stofnun ársins framkvæmd í nóvember og desember. Þátttökulistar (netfangalistar) yfir starfsfólk ríkisstofnanna komu frá kjara- og mannauðssýslunni. Við gerð þátttökulista var miðað við að starfsfólk væri starfandi í maí og september 2022. Listi yfir starfsfólk borgarinnar kom frá Mannauðs- og starfsumhverfissviði borgarinnar. Sjálfseignarstofnanir og fyrirtæki sendu svo sjálf þátttökulista til Gallup. Þær stofnanir greiða sjálfar fyrir þátttöku. Sjö slíkar stofnanir tóku þátt.

Sjö sjálfseignarstofnanir og fyrirtæki í almannþjónustu þáðu boð um að taka þátt í Stofnun ársins fyrir alla starfsmenn en þær voru

Heilsustofnun NLFÍ, Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (LSR), Matís ohf., Orkubú Vestfjarða (OV), Reykjalundur, SÁÁ og Félagsbústaðir

Um könnunina

Val á stofnun ársins er samstarfsverkefni margra aðila; Sameykis, Kjara- og mannauðssýslunnar, Mannauðs- og starfsumhverfissviðs borgarinnar og svo stofnananna sjálfra. Niðurstöður könnunarinnar veita afar mikilvægar upplýsingar um starfsumhverfi vinnustaða og samanburð við aðrar stofnanir. Í ár er í fyrsta skipti hægt að bera saman starfsumhverfi ríkis og borgar með góðum hætti. Einnig er hægt að bera saman niðurstöður þessarar könnunar við niðurstöður fyrirtækja á almennum markaði þar sem VR framkvæmir sambærilega könnun, Fyrirtæki ársins, meðal fyrirtækja.



Mynd 1: Vægi þátta í heildareinkunn

Tilgangur könnunarinnar

Tilgangur með vali á Stofnun ársins er að taka eftir og verðlauna vinnustaði sem ná framúrskarandi árangri við stjórnun mannauðs. Þá nýtist könnunin stjórnendum til að vinna að umbótum í stjórnun og starfsumhverfi. Að lokum veitir könnunin aðhald til hagsbóta fyrir starfsfólk, skjólstæðinga, viðskiptavini og aðra hagsmunaaðila.

Spurningalisti er lagður fyrir starfsfólk á netinu. Mælingin nær yfir níu ólíka þætti, en þannig fæst heilsteypt mynd af innra starfsumhverfi stofnana. Spurningalistinn er sá sami og notaður hefur verið undanfarin ár og niðurstöður því að fullu sambærilegar við fyrri ár.

Þáttagreining (factor analysis) var notuð til að greina þá undirliggjandi þætti sem eru mældir. Í megindráttum komu fram níu þættir, en þeir eru: stjórnun, starfsandi, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleiki vinnu, sjálfstæði í starfi, ímynd stofnunar, ánægja og stolt og jafnrétti. Vægi þáttanna í heildareinkunn ákvarðast af þáttagreiningunni (sjá mynd 1) en stofnunum er síðan raðað eftir heildareinkuninni.

Alls fengust gild svör frá tæplega 16.300 starfsmönnum. Það er um þrjú þúsund fleiri en á síðasta ári. Þar munar mestu um þátttöku Reykjavíkurborgar í könnuninni. Af heildarúrtakinu bárust svör frá tæplega 11.000 starfsmönnum ríkisstofnana, tæplega 5000 starfsmönnum Reykjavíkurborgar og rúmlega 600 starfsmönnum sjálfseignarstofnana og fyrirtækja. Svarhlutfall, gildir listar af endanlegu úrtaki, var tæplega 52%.

Stofnanir á lista


Í ár er stofnunum og starfsstöðum skipt í þrjá flokka en þeir eru: starfsstaðir borgarinnar, alls 175 starfsstaðir, ríkisstofnanir, alls 143 stofnanir og svo fyrirtæki og sjálfseignarstofnanir, alls 8 talsins.

Að baki valinu á Stofnun ársins liggja niðurstöður stofnana sem uppfylla skilyrði um svör (35% svarhlutfall og að lágmarki 5 svör) og byggir sá hluti á tæplega 10.000 svörum hjá ríkisstofnunum og sjálfseignarstofnunum og ríflega 4.300 svörum hjá Reykjavíkurborg.

Þátttökuskilyrði

Til að stofnun, starfsstaður eða fyrirtæki nái inn á listann og komi til greina sem Stofnun ársins þarf svarhlutfall að vera að lágmarki 35% – þá er miðað við innsenda lista sem hlutfall af útsendum spurningalistum. Fimm svör þurfa að berast frá stofnun/starfsstað að lágmarki, en auknar kröfur eru gerðar um fjölda svara eftir því sem starfsfólki stofnunarinnar/starfsstaðar fjölga.

Könnunin nær til allra starfsstaða Reykjavíkurborgar, allra ríkisstofnana sem og til alls félagsfólks Sameykis sem er í 30% starfi eða meira og hafa verið félagsfólk í a.m.k. þrjá mánuði. Félagsfólk Sameykis starfar víða, t.d. hjá ríki og sveitarfélögum (aðallega Reykjavík, Akranesi og Seltjarnarnesi), fyrirtækjum borgarinnar, hjá sjálfseignarstofnunum eða stofnunum í eigu annara en ríkisins. Þessar stofnanir/starfsstaðir eru einnig með í vali á stofnun ársins svo fremi sem þær uppfylli almenn þátttökuskilyrði. Þá geta þessar stofnanir/starfsstaðir óskað eftir þátttöku í Stofnun ársins og boðið öllu starfsfólki að svara könnuninni.



Tæplega 16.300 manns
svöruðu könnuninni

Mynd 2: Þátttaka í könnuninni eftir kyni. Fólk með annað kyn en karl eða kona var minna en 1%

Aðgengi stofnana að ítarlegri niðurstöðum

Hjá Reykjavíkurborg þá verða niðurstöður starfsstaða birtar stjórnendum í skýrslu ef viðkomandi svið hefur náð 35% svarhlutfalli og að það hafi að lágmarki 5 svör borist.

Allar ríkisstofnanir sem eru þátttakendur í könnuninni fá senda skýrslu með niðurstöðum svo fremi sem skilyrði um lágmarkssvörun séu uppfyllt (35% svarhlutfall og fimm svör að lágmarki). Hver stofnun fær samanburð við stofnanaflokk og ríkisstofnanir í heild.

Öðrum þátttökustofnunum (sem standa utan ríkisins) gefst kostur á að kaupa skýrslu frá Gallup fyrir sína stofnun, svo framarlega sem skilyrði um svörun séu uppfyllt (35% svarhlutfall og fimm svör að lágmarki).

Í skýrslunni sem stofnanir fá er gerð ítarleg greining á niðurstöðum könnunarinnar. Í henni er m.a. borin saman meðaltalseinkunn hversrar spurningar hjá viðkomandi stofnun við meðaltalseinkunn allra stofnana. Einnig eru breytingar frá síðustu mælingu skoðaðar þegar það á við.

Ef óskað er frekari upplýsinga má hafa samband við Tómas Bjarnason (tomas.bjarnason@gallup.is) eða Írisi Björgu Birgisdóttur (iris@gallup.is) hjá Gallup.

Stofnun ársins

– ríkisstofnanir

Stærðarflokkar ríkisstofnana eru þeir sömu og í síðustu mælingu. Í töflu 1 má sjá stærðarflokkana og fjölda svarenda í hverjum stærðarflokki. Í heildina komust 143 ríkisstofnanir á lista.

Tafla 1: Þrír stærðarflokkar stofnana

Þrír stærðarflokkar stofnana	Fjöldi stofnana	Fjöldi svarenda
Litlar stofnanir (5-39 starfsmenn)	57 stofnanir	926
Meðal stórar (40-89 starfsmenn)	45 stofnanir	1,851
Stórar stofnanir (90 og fleiri starfsmenn)	41 stofnanir	7,176

Hvaða stofnanir eru „Stofnun ársins 2022“?

Í hverjum stærðarflokki er svo valin stofnun ársins. Sú stofnun sem nær hæstu heildareinkunn úr veginu meðaltali úr þáttunum níu fær það sæmdarheiti. Í töflu 2 má sjá þær ríkisstofnanir sem náðu hæstu heildareinkunn í hverjum stærðarflokki fyrir sig.

Tafla 2: Ríkisstofnanir ársins

Ríkisstofnanir ársins	Heildareinkun
Fjölbrautaskóli Suðurnesja (stór stofnun)	4,457
Menntaskólinn á Egilsstöðum (meðal stór stofnun)	4,566
Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum (lítill stofnun)	4,856

Hvaða stofnanir eru fyrirmyndarstofnanir 2022?

Í hverjum stærðarflokki hljóta efstu fimm stofnanirnar sæmdarheitið Fyrirmyndarstofnanir. Í flokki stærstu stofnana eru fimm fyrirmyndarstofnanir, eins og sjá má í töflu 3.

Tafla 3: Fyrirmyndarstofnanir stórra ríkisstofnana

	Fyrirmyndarstofnanir með 90 starfsmenn eða fleiri	Heildareinkun
1.	Fjölbrautaskóli Suðurnesja	4,457
2.	Vínbúðin - ÁTVR	4,355
3.	Fjölbrautaskólinn við Ármúla	4,324
4.	Fjármála- og efnahagsráðuneytið	4,288
5.	Menntaskólinn við Hamrahlíð	4,216

Framhaldsskólarnir eru áberandi í efstu sætum á lista stórra stofnana. Fjölbrautaskóli Suðurnesja er sigurvegari stórra stofnana en hann var í þriðja sæti stórra stofnana í fyrra. Vínbúðin er í öðru sæti stórra stofnana, en hún vermdi fimmta sætið í fyrra. Í þriðja sæti er Fjölbrautarskólinn við Ármúla en hann var í sjöunda sæti í fyrra. Fjármála- og efnahagsráðuneytið vermir fjórða sæti listans en ráðuneytið var í öðru sæti í fyrra þegar það tók stórt stökk miðað við árið þar áður. Menntaskólinn í Hamrahlíð er í fimmta sæti listans en hann var í fjórða sæti í fyrra. Margar þessara stofnana hafa verið ofarlega á lista árum saman.



Tafla 4: Fyrirmyndarstofnanir meðalstórra stofnana

	Fyrirmyndarstofnanir með 40 til 89 starfsmenn	Heildareinkunn
1.	Menntaskólinn á Egilsstöðum	4,566
2.	Þjóðskrá Íslands	4,452
3.	Náttúrufræðistofnun Íslands	4,394
4.	Ríkisendurskoðun	4,359
5.	Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	4,352

Í flokki meðalstórra stofnana (sjá töflu 4 hér fyrir ofan) er sigurvegarinn Menntaskólinn á Egilsstöðum líkt og í fyrra. Í öðru sæti er Þjóðskrá, en Þjóðskrá tekur risastökk frá síðustu mælingu. Í þriðja sæti er Náttúrufræðistofnunin. Náttúrufræðistofnunin var í 8. sæti í fyrra. Í fjórða sæti er Ríkisendurskoðun, en hún var í öðru sæti í fyrra. Í fimmta sæti er svo Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra sem var í fjórða sæti í fyrra.

Tafla 5: Fyrirmyndarstofnanir lítilla stofnana

	Fyrirmyndarstofnanir með 5-39 starfsmenn	Heildareinkun
1.	Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	4,856
2.	Menntaskólinn á Tröllaskaga	4,812
3.	Jafnréttisstofa	4,696
4.	Geislavarnir ríkisins	4,632
5.	Kvikmyndasafn Íslands	4,581

Í flokki minnstu stofnananna er sigurvegarinn Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum sem vermdi annað sætið í fyrra. Menntaskólinn á Tröllaskaga vermir annað sætið, en hann var í þriðja sæti í fyrra. Báðir skólarnir hafa verið ofarlega á lista árum saman. Í þriðja sæti er svo Jafnréttisstofa sem var sigurvegari þessa stærðarflokks í fyrra. Geislavarnir ríkisins er í fjórða sæti í ár, eins og í fyrra. Í fimmta sætinu er svo Kvikmyndasafn Íslands. Kvikmyndasafnið var í 9. sæti í fyrra.

Hástökkvari ríkisstofnana

Hvaða stofnun stekkur hæst?

Hástökkvari ríkisstofnana árið 2022 er Menntaskólinn á Ísafirði. Við útreikning á hástökkvurum er fyrst reiknuð raðeinkunn fyrir allar stofnanir á bilinu 1-100 og svo er reiknaður munur á raðeinkunn milli ára. Menntaskólinn á Ísafirði stekkur hæst allra, eða um 64 sæti. Þá er átt við sæti á raðeinkunninni.

Ekki er valinn hástökkvari fyrir Reykjavíkurborg þar sem allt starfsfólk borgarinnar var þátttakandi í könnuninni í fyrsta skipti í ár.

Stofnun ársins

– sjálfseignarstofnanir og fyrirtæki í almannabjónustu

Tafla 6: Sigurvegari í flokki sjálfseignarstofnana og fyrirtækja í almannabjónustu.

	Stofnun ársins	Heildareinkun
1.	Heilsustofnun NLFÍ *	4,359

Sérstakur listi er nú fyrir sjálfseignarstofnanir og fyrirtæki. Alls náðu átta stofnanir þátttökuskilyrðum. Efst á lista meðal sjálfseignastofnana og fyrirtækja árið 2022 varð Heilsustofnunin NLFÍ, en hún hefur verið ofarlega á lista árum saman.

Stofnun ársins

– borg og bær

Þetta er fyrsta árið sem Reykjavíkurborg tekur þátt fyrir allt starfsfólk. Alls náðu 175 starfsstaðir lágmarksviðmiðum og taka því þátt í vali á Stofnun ársins. Listanum er skipt í þrennt, litlir, millistórir og stórir starfsstaðir. Í flokki stórra starfsstaða eru 44 starfsstaðir, í millistórum flokki eru 63 starfsstaðir og í hópi lítilla starfsstaða eru 68 starfsstaðir.

Stærðarflokkar borgar og bæjar eru núna með þessum hætti. Í töflu 7 má sjá stærðarflokkana og fjölda svarenda í hverjum stærðarflokki. Í heildina komust 175 starfsstaðir á lista.

Tafla 7: Þrír stærðarflokkar starfsstaða borgarinnar

Þrír stærðarflokkar stofnana	Fjöldi starfsstaða	Fjöldi svarenda
Litlir starfsstaðir (5-24 starfsmenn)	68 starfsstaðir	698
Meðal stórir starfsstaðir (25-49 starfsmenn)	63 starfsstaðir	1,211
Stórir starfsstaðir (50 og fleiri starfsmenn)	44 starfsstaðir	2,410

Tafla 8: Borgarstofnanir ársins – starfsstaðir borgarinnar

Stofnun ársins – starfsstaðir borgarinnar	Heildareinkunn
Frístundamiðstöðin Tjörnin (stór starfsstaður)	4,650
Hitt Húsið (meðalstór starfsstaður)	4,605
Sambyli Viðarrimi (lítill starfsstaður)	4,630

Hvaða stofnanir eru fyrirmyndarstofnanir 2022?

Í hverjum stærðarflokki hljóta efstu fimm stofnanirnar sæmdarheitið Fyrirmyndarstofnanir. Í flokki stærstu stofnana eru fimm fyrirmyndarstofnanir, eins og sjá má í töflum 9, 10 og 11.

Tafla 9: Fyrirmyndarvinnustaðir: Stofnun ársins – borg og bær

	Starfsstaðir með 50 starfsmenn eða fleiri	Heildareinkunn
1.	Frístundamiðstöðin Tjörnin	4,650
2.	Frístundamiðstöðin Miðberg	4,413
3.	Frístundamiðstöðin Brúin	4,393
4.	Frístundamiðstöðin Kringlumýri	4,376
5.	Álftamýrarskóli	4,327

Í hópi stærstu starfsstaða eru fimm fyrirmyndarstarfsstaðir (sjá töflu 9). Auk sigurvegara flokksins, Tjarnarinnar, eru valdir fjórir fyrirmyndarvinnustaðir, þar af eru þrjár frístundamiðstöðar. Þetta eru Frístundamiðstöðin Miðberg, Frístundamiðstöðin Brúin og Frístundamiðstöðin Kringlumýri. Frístundamiðstöðvarnar hafa margar vermt efstu sæti listans um árabil. Auk þess er Álftamýrarskóli í fimmta sæti.

Tafla 10: Fyrirmyndarvinnustaðir: Stofnun ársins – borg og bær

	Starfsstaðir með 25 til 49 starfsmenn	Heildareinkunn
1.	Hitt Húsið	4,605
2.	Leikskólinn Grænaborg	4,550
3.	Leikskólinn Lyngheimar	4,502
4.	Vesturbæjarlaug	4,466
5.	Virknimiðuð stoðþjónusta Gylfaflöt	4,398

Í hópi starfsstaða í millistærð eru einnig fimm fyrirmyndar vinnustaðir (sjá töflu 10). Auk sigurvegara flokksins sem er Hitt húsið, eru valdir fjórir fyrirmyndarvinnustaðir. Þar af eru tveir leikskólar, Leikskólinn Grænaborg og Leikskólinn Lyngheimar. Þá eru Vesturbæjarlaug og Virknimiðuð stoðþjónusta Gylfaflöt einnig á listanum.

Tafla 11: Fyrirmyndarvinnustaðir: Stofnun ársins – borg og bær

	Vinnustaðir með 5-24 starfsmenn	Heildareinkunn
1.	Sambýlið Viðarrima	4,630
2.	Íbúðakjarni Starengi A	4,626
3.	Skíðasvæðin	4,609
4.	Íbúðakjarni Hraunbæ B	4,602
5.	Íbúðakjarni Móavegi	4,584

Í hópi minnstu starfsstaða eru einnig fimm fyrirmyndar vinnustaðir (sjá töflu 11). Auk sigurvegara flokksins sem er Sambýlið Viðarrimi, eru valdir fjórir fyrirmyndarvinnustaðir. Þar af eru þrír íbúðakjarnar; Íbúðakjarni Starengi A, íbúðakjarninn Hraunbæ B og Íbúðakjarni Móavegi. Þá eru Skíðasvæðin í 3ja sæti.




Einkunnir þáttanna níu meðal stofnana á lista

Eins og áður liggja níu þættir að baki heildareinkunninni. Meðaleinkunn ríkisstofnana sem komust á lista er 4,07, meðaleinkunn starfsstaða borgarinnar er næstum sú sama, eða 4,08, og meðaleinkunn sjálfseignarstofnana og fyrirtækja í almannapjónustu er einnig svipuð, eða 4,05.

Hjá ríkisstofnunum mælist jafnréttisþátturinn hæstur (4,31). Einkunn á þættinum hefur hækkað mikið frá því að hann var fyrst mældur (2016). Næst hæstu þættir eru svo „starfsandi“ (4,26) og „sjálfstæði í starfi“ (4,25). Hjá starfsstöðum borgarinnar er jafnréttisþátturinn einnig hæstur (4,40). Næst hæsta einkunn mælist á „ánægju og stolti“ (4,28). Hjá sjálfseignarstofnunum og fyrirtækjum mælist starfsandi hæstur þátta (4,28), en sjálfstæði í starfi fylgir fast á eftir (4,27). Lægsti þátturinn er launakjör hjá öllum þremur flokkunum.

Á mynd 3 er heildareinkunn og einkunn allra þátta allra stofnanna á lista bornar saman, þ.e. ríkisstofnana, starfsstaða borgarinnar, sjálfseignarstofnana og fyrirtækja í almannapjónustu. Eins og sjá má eru einkunnir á flestum þáttum mjög svipaðar milli flokkanna þriggja.



Mynd 3: Heildareinkunn og einkunnir allra þátta – allar stofnanir á lista.

Samanburður við almenna markaðinn – fyrirtæki og stofnanir á lista


Hægt er að bera saman einkunnir allra þátta við könnun VR Fyrirtæki ársins. Stofnun ársins byggir á sömu spurningum og sömu níu þáttum og Fyrirtæki ársins. Niðurstöður úr Fyrirtæki ársins má sjá hér: www.vr.is/kannanir/fyrirtaeki-arsins-2022/framkvaemdin/

Samanburður á einkunnum stofnana sem komast á lista við fyrirtæki sem komust á lista sýnir að fyrirtæki á almenna markaðinum (í könnun VR, Fyrirtæki ársins) koma almennt betur út en vinnustaðir í almannabþjónustu.

Samanburður á almenna markaðnum við ríkið sýnir mestan mun á atriðum sem varða ímynd vinnustaðar, mat á launakjörum og vinnuskilyrðum – almenna markaðinum í hag. Samanburður við starfsstaði borgarinnar sýnir mestan mun á atriðum sem varða vinnuskilyrði, launakjör og sveigjanleika – almenna markaðinum í hag.

Minnsti munur er á almenna markaðinum annarsvegar og ríki og borg hins vegar á jafnréttisþættinum.

Mynd 4 sýnir hve mikið lægri einkunnir eru hjá ríkisstofnunum annars vegar og starfsstöðum borgarinnar hins vegar samanborið við almenna markaðinn (Fyrirtæki ársins). Á myndinni má sjá að einkunn opinberra vinnustaða er hvergi hærri en fyrirtækjanna og oft umtalsvert lægri. Eins og sjá má á þáttunum „ímynd“, „vinnuskilyrði“ og „launakjör“ svo dæmi sé tekið.



Mynd 4: Samanburður á einkunnum fyrirtækja á almennum markaði (VR 2022) og ríkisstofnana og starfsstaða borgarinnar

Heildarniðurstöður

– svör alls starfsfólks (rúmlega 16.000 svör)

Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir heildarniðurstöðum könnunarinnar sem er byggð á rúmlega 16.000 svörum. Hér er unnið með öll svör, hvort sem stofnun komst á lista eða ekki og hvort sem svörin komu frá ríkisstofnunum, Reykjavíkurborg eða sjálfseignarstofnunum. Niðurstöður hér á eftir víkja því sum staðar frá þeim niðurstöðum sem sagt hefur verið frá hér á undan.


Heildareinkunn

Heildareinkunnin er vegið meðaltal úr þáttunum níu og það er hún sem notuð er við val á stofnun ársins, sjá mynd 5. Stjórnun vegur þyngst í heildarmatinu, en næst þyngst vega starfsandi og jafnréttisþátturinn.

Heildareinkunn og einkunnir þátta taka gildi á bilinu 1 til 5, þar sem 1 gefur til kynna mesta óánægju en 5 gefur til kynna mesta ánægju eða jákvæðustu afstöðuna. Einkunnir eru flokkaðar í fimm flokka: Mjög góð einkunn er á bilinu 4,5-5; frekar góð einkunn á bilinu 3,5-4,4; hvorki góð né slæm einkunn er einkunn á bilinu 2,5-3,4; frekar slæm einkunn á bilinu 1,5-2,4; og mjög slæm einkunn er einkunn á bilinu 1-1,4.

Meðaleinkunnin sem starfsfólk gefur vinnustaðnum er 3,97 (mæld á kvarðanum 1-5) og hækkar um 0,06 frá síðustu mælingu. Átta af hverjum tíu sverendum gefa vinnustað sínum „góða“ heildareinkunn (einkunn á bilinu 3,5 til 5,0) og af þeim gefur um fimmtingur „mjög góða“ einkunn, það er einkunn á bilinu 4,5 til 5,0.

Starfsfólk borgarinnar gefur lítið eitt hærri einkunnir en starfsfólk ríkisstofnana, sjá mynd 5. Í flokknum „Aðrir“ eru sjálfseignarstofnanir og fyrirtæki í almannapjónustu, auk fleiri aðila.



Mynd 5: Heildareinkunn 2022 öll svör eftir tegund stofnana.

Þá gefur yngsti aldurshópurinn (yngri en 30 ára) lítið eitt hærri einkunnir en eldri aldurshóparnir. Stjórnendur gefa einnig hærri einkunn en annað starfsfólk og starfsfólk minni stofnana gefur almennt hærri einkunn en starfsfólk stærri stofnana.

Tafla 12: Hæstu og lægstu einkunnir í heildareinkunn

Heildareinkunn	Hæstu meðaltöl	Lægstu meðaltöl
Stærð stofnanna	Minnstu	Stærstu
Aldur	30 ára og yngri	30 - 49 ára
Starf	Stjórnendastarf	Öryggis-, eftirlitsstarf, ræstingar

Stjórnun

Stjórnun vegur þýngst í heildarmatinu á Stofnun ársins. Þátturinn er byggður á 10 spurningum, til dæmis hvort starfsfólk beri traust til stjórnenda, hvort það fái stuðning frá yfirmanni og telji viðkomandi koma fram af sanngirni.


Ríflega átta af hverjum tíu gefa stjórnun „góða“ einkunn, það er einkunn á bilinu 3,5 til 5,0. Þar af gefa 44% „mjög góða“ einkunn, það er einkunn á bilinu 4,5 til 5,0.

Meðaleinkunnin sem starfsfólk gefur stjórnendum vinnustaðarins er 4,10 (mæld á kvarðanum 1-5). Einkunnin var 4,02 á síðasta ár og síðustu tvö ár þar á undan.

Yngra fólk (yngri en 30 ára) gefur hærri einkunn en þeir sem eru eldri. Starfsfólk borgarinnar gefur stjórnun hærri einkunn en starfsfólk ríkisstofnana. Stjórnendur gefa hærri einkunn en annað starfsfólk og starfsfólk minni stofnana gefur almennt hærri einkunn en starfsfólk stærri stofnana.

Flestir bera fullt traust til stjórnenda

Ein spurning í þættinum lítur að því hvort fólk beri traust til stjórnenda sinnar stofnunar. Niðurstöður sýna að ríflega 70% svarenda eru sammála því að þeir beri fullt traust til stjórnenda, sjá mynd 6.




Mynd 6: Ég ber fullt traust til stjórnenda stofnunarinnar. Allir (ríflega 16.000 svarendur), ríki, borg, sjálfseignarstofnanir, sveitarfélög og fyrirtæki borgarinnar.

Starfsandi

Einkunn fyrir starfsanda er 4,22 og stendur nokkurn veginn í stað milli ára. Mikill meirihluti svarenda gefur starfsanda „góða einkunn“ eða tæplega 85%, það er einkunn á bilinu 3,5 til 5,0.

Stjórnendur er ánægðastir með starfsandann af starfsstéttunum og starfsfólk minni stofnana er ánægðara með starfsandann en starfsfólk stærri stofnana.

Matið er byggt á þremur spurningum sem lúta að samskiptum og starfsanda, til dæmis hvort fólki komi vel saman við samstarfsfólk sitt og telji starfsanda afslappaðan og óþvingaðan. Nærri átta af hverjum tíu svarendum eru sammála því að starfsandi sé afslappaður og óþvingaður, sjá mynd 7.



Mynd 7: „Starfsandi er venjulega afslappaður og óþvingaður“ – Allir (ríflega 16.000 svarendur).

Launakjör


Þátturinn „launakjör“ er byggður á spurningum um ánægju með laun, sanngirni launa og samanburði á eigin launum og launum annarra á sambærilegum vinnustöðum. Launakjör er sá þáttur könnunarinnar sem ávallt mælist lægstur, þ.e. með minnstu ánægjuna.

Einkunn fyrir launakjör heldur áfram að hækka. Þátturinn mælist núna með einkunnina 2,91, en var 2,85 í fyrra og 2,76 fyrir tveimur árum. Ríflega 30% gefa launakjörum „góða einkunn,“ það er einkunn á bilinu 3,5 til 5,0, og er það heldur meira en í fyrri könnunum.

Ein spurning í könnuninni varðar ánægju með laun (sjá mynd 8).

Karlar eru að jafnaði ánægðari með laun sín en konur og er svo einnig nú í þessari könnun. Yngstu svarendurnir eru ánægðari með laun sín en aðrir aldurshópar. Fólk í sölu- og afgreiðslustörfum og stjórnendur eru ánægðari með laun sín en aðrar starfsstéttir og starfsfólk minni stofnana er einnig

ánægðara en starfsfólk stærri stofnana. Þetta er endurtekið mynstur í þessari könnun. Meiri ánægja með laun meðal minni stofnana kann að benda til að launasveigjanleiki sé almennt meiri í minni stofnunum en stærri eða þá að aðrir þættir í starfsumhverfi og stjórnun hafi áhrif á viðhorf fólks til launa, en viðhorf fólks í minni stofnunum til stjórnunar og samskipta er almennt jákvæðara en í stærri stofnunum.




Mynd 8: Ánægja með launakjör, Allir (ríflega 16.000 svarendur)

Vinnuskilyrði

Mat á vinnuskilyrðum er fengið með sjö spurningum sem snýr að ánægju með ýmsa hluti í rýminu, t.d. loftgæði, lýsingu, rýmið, hljóðvist o.fl. Einkunnin í ár mælist 3,71 og stendur því sem næst í stað frá síðustu mælingum. Ríflega þrír af hverjum fimm gefa vinnuskilyrðum „góða“ einkunn (mjög eða frekar góða, einkunn á bilinu 3,5-5,0) en tæplega einn af hverjum tíu gefa vinnuskilyrðum „slæma“ einkunn (á bilinu 1 til 2,4).

Karlar eru ánægðari með vinnuskilyrði en konur. Elsti (60 ára eða eldri) og yngsti (yngri en 30 ára) svarendahóparnir eru ánægðastir aldurshópa og stjórnendur ánægðastir allra starfsstétta. Þá er starfsfólk í minnstu stofnunum mun ánægðara en starfsfólk í þeim stærstu.

Mest ánægja er með öryggi en minnst ánægja er með hljóðvistina, sjá mynd 9.




Mynd 9: Ánægja með vinnuskilyrði, Hlutfall sem segist ánægt (mjög eða frekar ánægt) með hvert atriði. Allir (ríflega 16.000 svarendur).

Sveigjanleiki vinnu

Þátturinn um sveigjanleika í vinnu er samsettur úr fimm spurningum. Þar sem spurt er um til dæmis hvort fólk eigi auðvelt með að samræma vinnu og fjölskyldulíf, hvort fólk hafi svigrúm til að útrétta í vinnutímanum, hvort fólk geti farið úr vinnu með litlum fyrirvara og hvort það geti tekið sumarfrí á þeim tíma sem því hentar. Mat á sveigjanleika, sem mælist í ár 4,02 og stendur nokkurnvegin í stað miðað við síðustu mælingu, en þá lækkaði þátturinn talsvert frá árinu áður. Flestir gefa þó sveigjanleika „góða“ einkunn eða næstum fjórir af hverjum fimm. Einungis tæp 5% gefa sveigjanleika „slæma“ einkunn.

Skrifstofufólk gefur sveigjanleika mun hærri einkunn en aðrar starfsstéttir. Karlar gefa sveigjanleika hærri einkunn en konur og yngra fólk gefur hærri einkunn en eldra. Þá er áberandi minni ánægja með sveigjanleika hjá stærstu stofnununum en þeim minni.

Ein spurning sem tilheyrir sveigjanleikapættinum er „Ég hef svigrúm til að útrétta í vinnutímanum þegar nauðsyn krefur.“ Einkunn þessarar spurningar lækkar um 0,24 (mæld á kvarðanum 1-5) frá því 2019. Þeim sem segjast „alltaf“ hafa svigrúm til að útrétta í vinnutímanum hefur fækkað um 9% frá 2019, sjá mynd 10. Hugsanlega tengist þessi lækun styttingu vinnutímans.



Mynd 10: „Ég hef svigrúm til að útrétta í vinnutímanum þegar nauðsyn krefur.“
Allir (ríflega 16.000 svarendur)

Sjálfstæði í starfi

Sjálfstæði í starfi er metið með fjórum spurningum. Spurningum eins og hversu góð tök starfsfólki finnst það hafa á starfi sínu, hversu góða yfirsýn það telur sig hafa yfir verkefni og þau áhrif sem fólk hefur í starfi sínu. Sjálfstæði í starfi mælist nú 4,16 sem er svipað og síðustu ár. Almennt mælist sjálfstæði í starfi hátt en nærri níu af hverjum tíu gefa sjálfstæði „góða“ einkunn (á bilinu 3,5 til 5).

Sjálfstæði í starfi vex með aldri, enda nær fólk yfirleitt betri tökum á starfi sínu með tímanum og oft getur fólk líka með tímanum aðlagð starfið að styrkleikum sínum. Stjórnendur gefa hærri einkunn á þættinum en aðrar starfsstéttir, en sjálfstæði mælist lægst hjá starfsfólki sem starfar við öryggis-, eftirlitsstörf og ræstingar. Sjálfstæði í starfi er meira hjá starfsfólki minnstu stofnananna en í þeim stærstu.

Ímynd

Mat á ímynd er fengið með þremur spurningum, t.d. hvort starfsfólk telji viðskiptavinum hafa jákvæða afstöðu til stofnunarinnar. Hér er því um að ræða mat starfsfólks á ímynd fyrirtækisins. Mat á ímynd hækkar lítillega frá síðustu könnun en hún mælist nú 3,83 sem er álíka hún mældist árið 2020. Nærri sjö af tíu gefa ímynd „góða einkunn“ (á bilinu 3,5 til 5).

Yngsti svarendahópurinn (yngri en 30 ára) hefur jákvæðustu mynd af ímynd síns vinnustaðar af aldurshópunum. Af ólíkum starfstéttum hafa stjórnendur og leiðbeinendur/stuðningsfulltrúar/skólaliðar jákvæðustu mynd af ímynd síns vinnustaðar. Starfsfólk lítilla stofnana hefur mun jákvæðari mynd af vinnustaðnum en starfsfólk stærri stofnana.

Ánægja og stolt

Mat á ánægju og stolti er byggt á fjórum spurningum, þ.e. ánægju með starfið, líðan í starfi, hvort viðkomandi er tilbúin(n) til að mæla með stofnuninni og hvort viðkomandi er stolt(ur) af stofnuninni. Einkunnin hækkar aftur eftir nokkra lækun á síðasta ári og mælist nú 4,15. Einkunnin er nú svipuð og 2020. Ríflega átta af hverjum tíu gefa ánægju og stolti „góða“ einkunn (einkunn á bilinu 3,5 til 5).

Stjórnendur eru lang ánægðastir og stoltastir allra starfsstétta og það dregur úr ánægju og stolti eftir því sem vinnustaðurinn stækkar.



Jafnrétti

Jafnréttisþátturinn byggir á sex spurningum sem snúa að jafnrétti, þá jafnrétti almennt, en einnig jafnrétti kynjanna auk spurningar um fjölbreytni starfsmannahópsins. Jafnréttisþátturinn er sá þáttur sem hefur hækkað mest síðan 2016. Einkunn á þættinum heldur áfram að hækka þetta árið og mælist nú 4,27. Nærri níu af hverjum tíu gefa jafnrétti „góða“ einkunn á vinnustaðnum (einkunn á bilinu 3,5 til 5).


Karlar gefa jafnrétti mun hærri einkunn en konur og er það iðulega svo í spurningum um jafnrétti, þ.e. að karlar telja frekar að jafnrétti sé til staðar en konur, jafnt á vinnustaðnum sem og í samfélaginu almennt. Stjórnendur eru ánægðastir með jafnrétti ásamt starfsfólki í sölu- og afgangslustörfum og leiðbeinendum/skólaliðum/stuðningsfulltrúum. Starfsfólk minnstu stofnananna er ánægðara með stöðu jafnréttis en starfsfólk stærstu stofnananna.

Hvað segja félagsmenn Sameykis?

Ef skoðuð eru svör annarsvegar Sameykisfélaga og svo þeirra sem ekki tilheyra Sameyki kemur í ljós að svör Sameykisfélaga eru mjög svipuð svörum annarra í könnuninni, sjá mynd 11.

Viðhorf til launa jákvæðara hjá Sameykisfélögum en öðrum

Á mynd 11 má sjá samanburð á niðurstöðum allra þátta eftir því hvort svarendur tilheyra Sameyki eða ekki. Eins og sjá má á myndinni er ekki ýkja mikill munur á svörum Sameykisfélaga og svo þeim sem ekki tilheyra Sameyki. Þó má sjá að félagar í Sameyki eru örlítið sáttari með suma þætti á vinnustaðnum, sérstaklega laun og sveigjanleika vinnu.



Mynd 11: Einkunnir allra þátta – Sameykisfélagar (tæp 3.500 svör) og öll önnur svör borin saman (rúmlega 12.800 svör) – samtals um 16.300 svör

STOFNUN ÁRSINS Ríkisstofnanir - Einkunnir einstakra stofnana (alls 926 svarendur)

Stofnanir með 5-39 starfsmenn	Heildar-einkunn	Vikmörk	Stjórnun	Starfsandi	Launakjör	Vinnuskilyrði	Sveigjanleiki vinnu	Sjálftæði í starfi	Ímynd stofnunar	Ánægja og stolt	Jafnrétti	Svarhlutfall
Meðaltal	4,176	+/-0,08	4,23	4,33	3,42	4,01	4,38	4,33	4,02	4,33	4,37	
1. Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	4,856	+/-0,02	4,92	4,97	4,17	4,92	4,87	4,95	4,73	5,00	4,97	80-100%
2. Menntaskólinn á Tröllaskaga	4,812	+/-0,02	4,92	4,88	4,26	4,93	4,62	4,82	4,83	4,97	4,86	80-100%
3. Jafnréttisstofa	4,696	+/-0,08	4,93	4,56	4,16	4,52	4,87	4,75	4,67	4,96	4,72	80-100%
4. Geislavarnir ríkisins	4,632	+/-0,10	4,75	4,73	3,83	4,50	4,72	4,78	4,73	4,68	4,77	80-100%
5. Kvikmyndasafn Íslands	4,581	+/-0,10	4,58	4,56	3,50	4,56	4,80	4,50	4,76	4,83	4,87	80-100%
6. Framhaldsskólinn á Húsavík	4,534	+/-0,06	4,72	4,54	3,90	4,54	4,40	4,63	4,51	4,71	4,63	80-100%
7. Hæstiréttur	4,515	+/-0,11	4,60	4,63	4,13	4,46	4,62	4,70	4,32	4,73	4,40	80-100%
8. Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála	4,511	+/-0,11	4,78	4,76	3,31	4,55	4,71	4,71	4,19	4,82	4,42	80-100%
9. Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra	4,503	+/-0,05	4,58	4,59	3,68	4,45	4,67	4,66	4,39	4,77	4,57	80-100%
10. Landmælingar Íslands	4,503	+/-0,06	4,62	4,76	3,50	3,85	4,80	4,65	4,60	4,68	4,80	80-100%
11. Byggðastofnun	4,478	+/-0,04	4,55	4,53	3,36	4,62	4,53	4,51	4,67	4,66	4,59	80-100%
12. Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra	4,443	+/-0,06	4,64	4,59	3,41	4,47	4,45	4,65	4,37	4,61	4,50	80-100%
13. Neytendastofa	4,424	+/-0,15	4,77	4,62	3,12	4,27	4,67	4,50	4,00	4,50	4,86	70-79%
14. Menntaskólinn að Laugarvatni	4,404	+/-0,15	4,58	4,58	3,86	4,06	4,18	4,53	4,55	4,49	4,59	60-69%
15. Menntaskólinn á Ísafirði	4,393	+/-0,05	4,62	4,56	3,68	4,03	4,34	4,45	4,39	4,68	4,51	80-100%
16. Verkmenntaskóli Austurlands	4,387	+/-0,09	4,40	4,52	3,50	4,35	4,48	4,38	4,30	4,65	4,64	60-69%
17. Þjónustumiðstöð fyrir blinda og sjónskerta	4,348	+/-0,10	4,53	4,51	3,41	3,77	4,43	4,27	4,81	4,53	4,57	80-100%
18. Ríkislögmáður	4,345	+/-0,23	4,66	4,56	3,57	4,36	4,33	4,21	4,23	4,42	4,38	50-59%
19. Hljóðbókasafn Íslands	4,330	+/-0,00	4,46	4,43	3,26	4,14	4,37	4,39	4,67	4,54	4,43	80-100%
20. Skipulagsstofnun	4,324	+/-0,10	4,48	4,63	3,43	4,39	4,44	4,25	3,86	4,54	4,51	60-69%
21. Fjarskiptastofa	4,292	+/-0,06	4,59	4,51	3,75	3,83	4,60	4,49	4,00	4,47	4,24	80-100%
22. Samkeppniseftirlitið	4,291	+/-0,04	4,43	4,71	3,71	4,09	4,27	4,31	3,44	4,67	4,62	80-100%
23. Héraðsdómur Reykjaness	4,275	+/-0,17	4,31	4,24	3,50	3,94	4,27	4,50	4,16	4,61	4,74	60-69%
24. Kærunefnd útlendingamála	4,261	+/-0,12	4,55	4,85	3,93	4,13	4,69	4,56	2,48	4,64	4,30	60-69%
25. Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	4,221	+/-0,18	4,06	4,27	3,65	4,51	3,91	4,42	4,34	4,11	4,58	50-59%
26. Framhaldsskólinn á Laugum	4,218	+/-0,09	4,07	4,00	3,59	4,49	4,30	4,33	4,31	4,39	4,43	80-100%
27. Persónuvernd	4,213	+/-0,09	4,47	4,45	3,57	3,81	4,54	4,14	3,79	4,61	4,27	80-100%
28. Samskiptamiðstöð heyrnarlaustra og heyrnarskertra	4,194	+/-0,09	4,41	3,97	3,52	4,15	4,35	4,30	3,99	4,43	4,45	80-100%
29. Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu	4,176	+/-0,18	4,32	4,52	3,15	3,48	4,51	4,18	3,85	4,48	4,70	35-49%
30. Lögreglan á Norðurlandi vestra	4,164	+/-0,10	4,66	4,41	3,33	3,79	4,15	4,06	3,74	4,40	4,40	70-79%
31. Náttúruminjasafn Íslands	4,157	+/-0,24	4,00	4,17	4,13	3,93	4,54	3,88	4,39	4,47	4,01	80-100%
32. Úrskurðarnefnd velferðarmála	4,154	+/-0,18	4,16	4,15	3,33	4,00	4,87	4,61	3,79	4,28	4,24	80-100%
33. Fjölbrautaskóli Snæfellinga	4,149	+/-0,16	3,92	4,62	3,18	4,19	4,31	4,13	3,81	4,46	4,43	60-69%
34. Sýslumaðurinn á Suðurlandi	4,146	+/-0,09	4,40	4,51	3,11	3,53	4,34	4,32	3,89	4,50	4,36	70-79%
35. Sýslumaðurinn á Vesturlandi	4,139	+/-0,09	3,98	4,33	3,48	3,82	4,28	4,37	4,18	4,45	4,31	80-100%
36. Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála	4,125	+/-0,27	3,97	4,10	3,95	3,98	4,61	4,39	3,90	4,21	4,17	70-79%
37. Lögreglan í Vestmannaeyjum	4,116	+/-0,00	3,88	4,31	3,50	4,24	3,98	4,27	4,02	4,27	4,43	80-100%
38. Ríkissaksóknari	4,078	+/-0,25	3,93	4,01	3,83	4,10	4,43	4,63	3,26	4,23	4,40	60-69%
39. Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	4,064	+/-0,07	3,62	4,25	3,21	4,42	3,90	4,49	4,22	4,42	4,06	80-100%
40. Lögreglan á Austurlandi	4,048	+/-0,18	4,23	4,19	3,05	4,10	4,12	4,23	3,92	4,01	4,26	60-69%
41. Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti	4,033	+/-0,12	4,04	4,42	3,10	4,04	4,30	3,78	4,15	3,98	4,16	80-100%
42. Umboðsmaður skuldara	4,015	+/-0,31	3,86	4,17	4,05	3,56	4,75	4,28	3,48	4,25	3,98	60-69%
43. Ferðamálastofa	4,015	+/-0,13	4,18	4,22	3,36	3,36	4,51	4,12	3,93	4,03	4,25	80-100%
44. Ríkiskaup	3,934	+/-0,11	3,74	4,16	3,22	4,29	4,66	4,29	3,60	3,69	3,85	80-100%
45. Orkustofnun	3,927	+/-0,12	4,01	4,31	2,97	3,73	4,16	4,03	3,53	4,02	4,24	80-100%
46. Þjóðskjalasafn Íslands	3,919	+/-0,07	3,91	4,13	3,18	3,47	4,31	4,19	3,93	3,93	4,14	80-100%
47. Sýslumaðurinn á Austurlandi	3,854	+/-0,30	3,44	3,93	3,39	3,81	4,31	4,11	3,89	3,69	4,23	80-100%

